

Ed.

699. Nefndarálit

um frumvarp til laga um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, hefir nefndin haft til meðferðar á nokkrum fundum.

Eftir tilmælum nefndarinnar mætti hr. landsverkfræðingur Geir Zoëga á 1 fundi og gaf henni ýmsar upplýsingar um þetta mál.

Nefndin er í engum vafa um það, að verk það, er hjer um ræðir, er mjög nauðsynlegt tryggingar- og framfarafyrirtæki fyrir hlutaðeigandi hjeruð.

Það er alkunnugt, að Markarfljót hefir á liðnum öldum valdið meiri og meiri skemdum á stóru og mjög frjósömu landi í Fljótshlíð, Landeyjum og fleiri sveitum í Rangárvallasýslu, eftir að það braust úr farvegi sínum yfir í farveg Þverár og myndaði að auki svo nefnt Affall og fleiri árfarvegi.

Landspjöll af ágangi þessara vatna eru orðin allmikil og aukast víst næstum árlega, og stór og frjósöm hjeruð eru í mikilli hættu fyrir enn meiri eyðileggingu af þeirra völdum.

Það getur því ekki verið neitt álitamál, að brýn þörf er á að stöðva þennan ágang vatnanna, ef unt er, og koma í veg fyrir frekari eyðileggingu. Takist það, er ekki að eins miklu og góðu landi forðað frá skemdum, heldur einnig numið nýtt land, hin stóru svæði, sem þessar ár hafa lagt undir sig, og nú eru eintómir aurar og sandar.

Verði fyrirhleðslurnar að tilætluðum notum, má telja yíst, að mikið af þessu landi grói bráðlega upp, þar sem kostur mun verða á nægu vatni til að veita á það.

Nefndin vill vænta þess og leggur mikla áherslu á það, að landsstjórnin láti grandgæfilega rannsaka og undirbúa þetta fyrirtæki, áður en byrjað er á því, og að umsjón með framkvæmd þess sje falin æðum og gætnum verkfræðingi, er næga þekkingu hefir á þess konar verkum, því að mest er undir þeim manni komið, hvernig þetta stórfelda og mikilsverða fyrirtæki lánast. En hepnist það vel, er, eins og áður er tekið fram, helsta skilyrðið uppfyllt til þess, að hjeruðin, sem hjer eiga hlut að máli, geti tekið fljótum og miklum framförum í búnaði og allri menningu.

Í nokkrum vafa var nefndin um það, hvort kostnaður landssjóðs við verk þetta væri ekki ákveðinn altof hár i frumvarpinu, en vildi þó ekki koma fram með breytingartillögu í þá átt að lækka hann og hækka tillag sýslunnar, ef það gæti orðið til þess að hefta eða teftja fyrir framgangi þessa nauðsynjamáls.

En jafnframt telur nefndin rjett og sjálfsagt, að landsstjórnin geri, á hæfilegum tíma, ráðstafanir til þess, að verðhækkunarskattur yrði greiddur í lands-sjóð af öllum þeim jörðum á þessu svæði, sem trygðar eru fyrir skemdum eða taka bótum vegna þessara mannvirkja.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að hv. deild samþykki frumvarpið.

Alþingi, 29. ágúst 1917.

Hjörtur Snorrason,
form.

Guðm. Ólafsson,
skrifari og framsögumaður.

Guðjón Guðlaugsson.